



## Erindisbréf stýrihóps um heildarskipulag og uppbyggingu íþróttá- og skólasvæðis

### Skipun í stýrihóp

Bæjarráð skipar níu fulltrúa í stýrihóp um heildarskipulag og uppbyggingu íþróttá- og skólasvæðis. Sex eru fulltrúar sveitarstjórnarframboðanna í bæjarstjórn, þar af þrjú frá meirihlutanum og þrjú frá hinum framboðunum tveimur. Formaður hópsins skal vera aðalmaður í fræðslu- og tómstundanevnd. Aðrir fulltrúar eru skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar og einn fulltrúi Umf. Sindra tilnefndur af stjórn.

### Hlutverk stýrihóps

- Er fræðslu- og tómstundanevnd, bæjarráði og bæjarstjórn til ráðgjafar um heildarskipulag íþróttá- og skólamannvirkja á afmörkuðu svæði milli húsa grunnskólans frá Hafnarbraut að Bárinni og svæðið austan við Víkurbraut.
- Hefur samráð við íbúa sveitarfélagsins um þarfagreiningu og framtíðarsýn.
- Hefur til hliðsjónar nýtingu á öðrum mannvirkjum sveitarfélagsins.
- Starfar eftir þörfum með ráðgjöfum og öðrum sérfræðingum í skipulagsmálum að því að móta heildarsýn og vinnur náið með starfsmönnum á skipulags- og tæknisviði.
- Vinnur tillögur að forgangsröðun verkefna.
- Tryggir að ákvæði laga og reglna séu uppfyllt.

### Starfsrammi og fundir

- Stýrihópurinn hefur ekki fjárhagslega og/eða stjórnunarlega ábyrgð. Starfstími hópsins er frá september 2018 til 15. apríl 2019.
- Fræðslustjóri er starfsmaður stýrihópsins, undirbýr og boðar til funda í samráði við formann. Fræðslustjóri situr fundi hópsins og hefur málfrelsi og tillögurétt. Fundir eru haldnir eftir því sem þörf krefur.
- Um fundarsköp og fundarritun fer eftir samþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar og um fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.
- Fundargerðir stýrihópsins skal leggja fyrir fræðslu- og tómstundanevnd til umfjöllunar.
- Formaður stýrihópsins er í forsvari fyrir hópinn um verkefni og úrlausnir sem hópinn vinnur að hverju sinni.

### Hæfi og þagnarskylda

Um hæfi fulltrúa stýrihópsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Um þagnarskyldu fulltrúa í stýrihópnum vísast til 19. gr. í samþykktum um stjórn og fundasköp sveitarfélagsins.

### **Þóknun**

Þóknun fyrir þátttöku í stýrihópnum greiðist samkvæmt 7. gr. Samþykktu um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna.

Erindisbréf þetta var samþykkt í fræðslu- og tómstundanefnd 15. ágúst, í bæjarráði þann 27. ágúst og í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann XX. 2018.

Bæjarstjóri